

Fundur haldin í hreppsnefnd Tjörneshrepps 10. febrúar 2026, klukkan 17:00 á Héðinshöfða.

Allir aðalmenn eru mættir. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

1. Styrkur til jarðamerkingarhnitsetningar á Tjörnesi.
Hreppsnefnd samþykkir að veita styrk til landeiganda við að hnitsetja jarðir og felur oddvita að svara erindum þar um.
2. Húsnæðisáætlun í Tjörneshreppi.
Húsnæðisáætlun 2026 kynnt og samþykkt.
3. Erindi frá Björgunarsveitinni Garðari.
Hreppsnefnd samþykkir erindi um styrk vegna kaups á GPS tæki á öll farartæki sveitarinnar að upphæð 2.300.000.
4. Erindi um reiðstígagerð í Tjörneshreppi.
Hreppsnefnd samþykkir að leggja fjármagn í reiðstígagerð. Króna á móti krónu á móts við fjárframlag Vegagerðarinnar í samstarfið við Hestamannafélagið Grana.
5. Erindi frá Arctic hydro.
Hreppsnefnd er tilbúið að fá Arctic hydro á næsta fund.
6. Frístundastyrkur Tjörneshrepps.
Samþykkt að frístundastyrkur Tjörneshrepps 2026 sé 37.000 krónur.
7. Íbúafundur í Tjörneshreppi.
Áætlaður er íbúafundur 28. febrúar 2026.
8. Verðskrá Sólvangs.
Oddvita falið að vinna að nýrri verðskrá fyrir félagsheimilið.
9. Ný heimasíða hreppsins.
Ný heimasíða hreppsins lögð fram til kynningar. Hreppsnefndarfólk almennt ánægt með nýja heimasíðu.
10. Staða varmadæluverkefnisins.
Farið var yfir stöðu varmadæluverkefnisins.
Fleira ekki gert og fundið slitið 18:20.

Katý Bjarnadóttir
Aðalsteinn J. Halldórsson
Sveinn Egilsson
Jón Gunnarsson
Smári Kárason